

AUGLÝSING

um breytingar á deiliskipulagi í Reykjavíkurborg.

Mýrargata 27 og 29, Seljavegur 1A og 1B.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulagsfulltrúi Reykjavíkur, með vísan til heimilda um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa í viðauka við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar, þann 20. júlí 2018, breytingu á deiliskipulagi Nýlendureits vegna lóðanna nr. 27 og 29 við Mýrargötu og 1A og 1B við Seljaveg. Í breytingunni felst fjölgun íbúða þannig að heimilt verði að vera með tvær íbúðir á hverri lóð í stað einnar. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Lambhagavegur 7A og 11A.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulagsfulltrúi Reykjavíkur, með vísan til heimilda um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa í viðauka við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar, þann 10. ágúst 2018, breytingu á deiliskipulagi Vesturlandsvegur Halla vegna lóðanna nr. 7A og 11A við Lambhagaveg. Í breytingunni felst stækkun stöðva Veitna ohf. innan skipulagssvæðis, úr 7 m². í gildandi deiliskipulagi í allt að 20 m². Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Jöklasel 4.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulagsfulltrúi Reykjavíkur, með vísan til heimilda um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa í viðauka við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar, þann 17. ágúst 2018, breytingu á deiliskipulagi Jöklaells 2 og 4 vegna lóðarinnar nr. 4 við Jöklael. Í breytingunni felst að gerður er nýr byggingarreitir fyrir tvær færanlegar stofur á norðvesturhluta lóðarinnar. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Miklubraut 101.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulags- og samgönguráð Reykjavíkur, með vísan til a-liðar 1. gr. í viðauka 1.1 um fullnaðarafgreiðslur umhverfis- og skipulagsráðs án staðfestingar borgarráðs, þann 22. ágúst 2018, breytingu á deiliskipulagi Miklubrautar vegna lóðarinnar nr. 101 við Miklubraut. Í breytingunni felst að bæta við vetnisstöð með einni dælu sem er bætt við núverandi dælur ásamt búnaði. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 2. ml. 3. mgr. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Hverfisgata 123.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulags- og samgönguráð, með vísan til a-liðar 1. gr. í viðauka 1.1 um fullnaðarafgreiðslur umhverfis- og skipulagsráðs án staðfestingar borgarráðs, þann 22. ágúst 2018, breytingu á deiliskipulagi Skúlagarðsreits vestari vegna lóðarinnar nr. 123 við Hverfisgötu. Í breytingunni felst að heimilt er að koma fyrir einni hæð ofan á núverandi útbýggingu á baklóð með aðgangi um svalagang frá stigahúsi og setja svalir á götuhlið. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Bólstaðarhlíð 20.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulags- og samgönguráð, með vísan til a-liðar 1. gr. í viðauka 1.1 um fullnaðarafgreiðslur umhverfis- og skipulagsráðs án staðfestingar borgarráðs, þann 22. ágúst 2018, breytingu á deiliskipulagi fyrir lóð nr. 20 við Bólstaðarhlíð, Ísaksskóli. Í breytingunni felst að afmarkaður er byggingarreitur fyrir eina færanlega kennslustofu á einni hæð. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Skipulagsfulltrúi Reykjavíkur, 27. ágúst 2018.

Björn Axelsson.

B-deild – Útgáfud.: 11. september 2018